

Dagskrá stjórnarfundar nr. 4

19. september 2012 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur Jóhannsson og Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri

1. Breytingar á starfsreglum ræktunardeilda, V. kafla, um deildarsýningar

Framkvæmdastjóri sendi tillögu að breytingu til stjórnar þann 4. september.

Farið var yfir texta og eyðublöð frá Ólafi E. Jóhannssyni og það samþykkt. Reglur og eyðublöð verða sett á vefsíðuna merkt HRFÍ.

Neðangreint var samþykkt:

V. Deildarsýningar

1. Ræktunardeildum er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi stjórnar HRFÍ að fenginni umsögn sýningarstjórnar HRFÍ. Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ eigi síðar en 6 mánuðum áður en sýning er fyrirhuguð. Leitast skal við að velja dómara sem býr yfir sérþekkingu á viðkomandi tegund (tegundum).
2. Umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun, stað- og dagsetning sýningar og hvaða tegund skal dæma (tegundir í tilviki hóp- og safndeilda). Umsókn og fjárhagsáætlun skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum (Umsókn um deildarsýningu, Fjárhagsáætlun deildarsýningar) sem aðgengileg eru á heimasíðu HRFÍ. Umsókn er metin ófullnægjandi ef niðurstaða fjárhagsáætlunar er neikvæð, þ.e. gjöld eru hærri en tekjur. Hagnaður rennur til ræktunardeildar. Ræktunarstjórn ábyrgist á fullnægjandi hátt verði tap á sýningu.
3. Tillaga um dómara sem bjóða skal með hæfilegum fyrirvara, ber að fylgja umsókn. Boð til dómara skal vera skriflegt, með bréfi eða tölvupósti, sent af formanni ræktunardeildar með afriti til framkvæmdastjóra og sýningarstjórnar HRFÍ.
4. Stjórn ræktunardeildar skal skipa sýningarnefnd sem ber ábyrgð á að framkvæmd sýningar sé samkvæmt sýningareglum HRFÍ.
5. Undirbúningur, skipulag og framkvæmd sýningar er í höndum sýningarnefndar ræktunardeildar. Stjórn ræktunardeildar getur óskað eftir aðstoð sýningarstjórnar HRFÍ. Ræktunardeildir geta fengið sýningarmuni (borð, stóla og úrvinnslugögn), ætlaða til notkunar á deildarsýningum, að láni hjá HRFÍ gegn tryggingu fyrir skilum og skemmdum. Að fengnu leyfi fyrir deildarsýningu skal sýningarstjórn ræktunardeildar skila útfylltu eyðublaði (Framkvæmd sýningar) til HRFÍ sem aðgengilegt er á heimasíðu félagsins. Ræktunardeild leggur til fólk til aðstoðar á skrifstofu HRFÍ ef óskað er, vegna undirbúnings sýningar og/eða úrvinnslu sýningargagna. Skráning á deildarsýningu og greiðsla skráningargjalds fer fram á sama hátt og á aðrar sýningar félagsins. Skila ber uppgjöri (á eyðublaðinu Fjárhagsáætlun deildarsýningar) til HRFÍ eftir sýningu ásamt reikningum. Verð deildarsýningar og afslættir eru skv. gjaldskrá félagsins.
6. Starfsreglur ræktunardeilda nr. V.1 til V.5 hér að ofan gilda einnig um ræktunarskoðun hunda.
7. Að öðru leyti gilda sýningareglur Hundaræktarfélag Íslands og dómaraegluglur FCI.
8. Stjórn HRFÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessum reglum.

2. Sex umsóknir um deildarsýningar

- Schnauzerdeild í samstarfi við St. Bernharðs-, PMF-, Terrier- og Yorkshire terrierdeild óska eftir leyfi sýningastjórnar HRFI, ásamt stjórn HRFI til að halda deildarsýningar helgina 2. -3. mars 2013.

Samþykkt að óska eftir nákvæmari fjárhagsáætlun miðað við nýjar reglur sbr. lið 1.

- Stjórn Schäferdeildar óskar eftir að halda sérsýningu 6.-7. júlí 2013
Samþykkt

- Retrieverdeild óskar eftir að fá að halda deildarviðburð 7.-8. júlí 2013
Samþykkt

- DÍF óskar eftir að halda sýningu í mars/apríl eða júní 2013
Samþykkt

- Siberian Husky og Spítzhundadeild sækja um að halda sérsýningu veturinn 2013
Samþykkt að óska eftir nákvæmari fjárhagsáætlun miðað við nýjar reglur sbr. lið 1.

- Cavalier King Charles spanieldeild óskar eftir því að halda sérsýningu í apríl eða lok júní 2013
Samþykkt

3. Laugavegasganga 6. október n.k.

Ágúst Ágústsson og Hafþór Snæbjörnsson gefa kost á sér áfram í undirbúningsnefndina en Vordís Sigurþórsdóttir ætlar að draga sig til baka. Auður Sif Sigurgeirsdóttir getur ekki séð um gönguna að þessu en getur verið nefndinni innan handar ef hún þarf á að halda.

Björn ætlar að panta skólahljómsveitina, Delia ætlar að hafa samband við Rauðkrossinn. Valgerður sækir um leyfi og lögreglufylgd. Láta nefndina vita um þetta.

4. Einangrunarmál - Pet Passport – Fundur með alþingismönnum 17. september

Punktur frá Ólafi E. Jóhannssyni - Minnisblað um fund með alþingismönnum:

- Fundur í Alþingishúsinu mánudaginn 17. september 2012 haldinn að ósk alþingismannanna Helga Hjörvars, Magnúsar Orra Schram og Ólínu Þorvaðardóttur.
- Þessir þingmenn fluttu í fyrra frumvarp um sk. Gæludýrapassa (Pet passport). Tilgangur fundarins var að óska eftir stuðningi HRFÍ við þetta mál. Hugmyndin er að endurflytja málið á yfirstandandi þingi.
- Á fundinum komu fram ábendingar um að rétt væri að endurflytja málið með þverpólitískum stuðningi, þ.e. að flutningsmenn yrðu úr öllum stjórn mála flokkum á Alþingi.
- Bent var á að skynsamlegt kunní að vera að einskorða innflutning við hunda og ketti, en ekki gæludýr almennt.
- Einnig var á það bent að skynsamlegt kynni að vera að takmarka innflutning við lönd sem eru laus við hundæði, ss. Stóra Bretland, Írland, Svíþjóð og Noreg.
- Bent var á að skv. samningsmarkmiðum íslenskra stjórnvalda í landbúðunaðarmálum, er óskað eftir undanþágu frá Gæludýrapassa (Pet passport) sem er hluti af regluverki Evrópusambandsins.

Mættir voru frá HRFÍ: Úr stjórn; Björn Ólafsson, Delia Kristín Howser og Ólafur E. Jóhannsson. Úr varastjórn; Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðmundur A. Guðmundsson. Frá „Einangrunarteymi“; Elsa Soffía Jónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og María Tómasdóttir

5. Erindi frá Gæludýr.is frá 23. ágúst 2012.

Sjálfsgagt að senda þetta á deildir og auglýsa á vefsíðunni að deildir geti fengið aðstöðuna endurgjaldslaust. Allar kynningar og auglýsingar í Sámi þarf að greiða fyrir.

6. Sólheimakot

- Leigusamningur við Mosfellsbæ
- Tölvupóstur frá Pétri Alan Guðmundssyni 30. ágúst varðandi umgengni og þrif
- Tölvupóstur frá stýrihópi um skapgerðarmat HRFÍ varðandi umgengni og þrif

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður vekur athygli á að það sé ekki eins og það hafi ekki verið vakin athygli á slæmri umgengni og ítrekað verið fjallað um það á fulltrúaráðsfundum og í skýrslu stjórnar.

Sólheimakot - Greinargerð um framvindu mála vegna umgengni, viðhalds, notkunar og kostnaðar:

Notkun á Sólheimakoti 2012

Samkvæmt dagbók er eftirfarandi nýting á Sólheimakoti frá 1.janúar 2012- 1. október 2012:

Janúar

Laugardagur 28. janúar – Fuglahundadeild

Febrúar

Sunnudagur 5. febrúar – Veiðiprófanefnd

Laugardagur 11. febrúar – Fuglahundadeild

Laugardagur 25. febrúar – Fuglahundadeild

Mars

Laugardagur 10. mars – Fuglahundadeild

Þriðjudagur 13. mars – Vorstehdeild

Miðvikudagur 14. mars – Fuglahundadeild

Laugardagur 17. mars – Fuglahundadeild

Föstudagur 30. mars – Vorstehdeild

Laugardagur 31. mars – Vorstehdeild

Apríl

Sunnudagur 1. apríl – Vorstehdeild

Föstudagur 6. apríl – Schnauzerdeild

Föstudagur 13. apríl – Fuglahundadeild

Laugardagur 14. apríl – Fuglahundadeild

Sunnudagur 15. apríl – Fuglahundadeild

Mánudagur 16. apríl – Fuglahundadeild

Fimmtudagur 19. apríl – Sheltie eigendur

Laugardagur 21. apríl – Yorkaeigendur

Þriðjudagur 24. apríl – Skapgerðamatshópur

Miðvikudagur 25. apríl – Vorstehdeild (aðalfundur)

Laugardagur 28. apríl – Írsk setterdeild

Sunnudagur 29. apríl – Írsk setterdeild

Mánudagur 30. apríl – Írsk setterdeild

Maí

Laugardagur 5. maí – Fuglahundadeild

Þriðjudagur 8. maí – Veiðinefnd Retrieverdeildar

Miðvikudagur 16. maí – Skapgerðamat

Fimmtudagur 17. maí – Skapgerðarmat kl.8-15 / Fuglahundadeild frá kl.15

Laugardagur 19. maí - Schnauzerdeild

Júní

Laugardagur 9. júní – Skapgerðarmat

Sunnudagur 10. júní – Skapgerðarmat

Laugardagur 23. júní – Fuglahundadeild

Laugardagur 30. júní - Retrieverdeild

Júlí

Ekkert skráð

Ágúst

Laugardagur 11. ágúst – Vorstehdeild

Sunnudagur 12. ágúst – Vorstehdeild

Miðvikudagur 29. ágúst – Fuglahundadeild og Vorstehdeild

September

Laugardagur 1. september – Fuglahundadeild

Sunnudagur 2. september – Skapgerðarmat

Föstudagur 7. september – Fuglahundadeild og Skapgerðarmat

Laugardagur 8. september – Fuglahundadeild og Skapgerðarmat

Sunnudagur 9. september – Fuglahundadeild og Skapgerðarmat

Föstudagur 14. september – Skapgerðarmat

Laugardagur 15. september – Skapgerðarmat

Sunnudagur 16. september - Skapgerðarmat

Föstudagur 28. september – Vorstehdeild

Laugardagur 29. september – Vorstehdeild

Sunnudagur 30. september - Vorstehdeild

Retrieverdeild er 1-2 sinnum í viku yfir vetratímamann.

Fimm lykklar eru í umferð af Sólheimakoti, eftirtaldir eru með lykla:

1. Fuglahundadeild - Egill Bergmann
2. Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri
3. Örnólfur Guðmundsson, fyrrum umsjónaraðili
4. Skrifstofa HRFÍ
5. Retrieverdeild – Guðbjörg Guðmundsdóttir

Tekið úr ársskýrslu maí 2009

Sólheimakot

Ekki var farið út í framkvæmdir á Sólheimakoti á síðasta starfsári eins og stóð til en kominn er tími á endurbætur bæði innan og utanhúss. Leitað var eftir tilboðum í viðgerðir og viðhald. Tilboðið þótti of hátt og ljóst að félagsmenn sem nota Kotið mest þurfa að vinna í sjálfboðavinnu til að koma þessu í lag. Það er afar mikilvægt að þeir sem hafa aðgang að Sólheimakoti gangi vel um til að hægt sé að halda úti starfi þar.

Tekið úr ársskýrslu maí 2010

Sólheimakot

Ekki var farið út í framkvæmdir á Sólheimakoti á síðasta starfsári eins og stóð til en kominn er tími á endurbætur bæði innan og utanhúss. Miklar kvartanir hafa borist til stjórnar og skrifstofu vegna mjög slæmrar umgengni í Sólheimakoti. Greinilegur leki er inn um skorsteininn og vatn lekur inn í eldhússkáp og niður eftir veggnum í stofunni. Á fulltrúaráðsfundi í byrjun maí tilkynnti stjórn HRFÍ að ef félagsmenn geta ekki lagt hönd á plóginn varðandi viðhald og viðgerð í Sólheimakoti þá sér stjórn ekki möguleika á að leigja það áfram. Á fulltrúaráðsfundinum var stofnuð Sólheimkotsnefnd sem ætlar að halda utan um viðhaldsverkefnið þ.e. að stýra þeim sem eru tilbúnir til að leggja félaginu lið varðandi viðhald og þrif. Hópurinn hefur nú þegar látið meta hvað þarf að gera og næstu skref er að bíða eftir að áhugasamir félagsmenn bjóði fram aðstoð sína fyrir mánaðarmótin maí/júní. Það sem þarf að gera er að fá smíð til að lagfæra lekann við skorsteininn. Mála þarf vegg bæði innan- og utanhúss og þak en mikla undirbúningsvinnu þarf að framkvæma áður en það fer fram. Einnig þarf að laga gólfefni.

Tekið úr ársskýrslu maí 2011

Sólheimakot

Ekki var farið út í framkvæmdir á Sólheimakoti á síðasta starfsári eins og stóð til en kominn er tími á endurbætur bæði innan og utanhúss. Einn félagismaður skoðaði ástand kotsins en greinilegur leki var við skorsteininn. Ekki er um skemmdir að ræða í

eldhúsinnréttingu þar sem lekinn er bak við skápana. Gólfíð er illa farið sérstaklega þar sem lekinn var. Stofnuð var nefnd þar sem fjórir félagsmenn buðu sig fram á fulltrúaráðsfundi. Gert var við lekann og verður vonandi farið út í framkvæmdir í sumar. Miklar kvartanir hafa borist til stjórnar og skrifstofu vegna mjög slæmrar umgengni í Sólheimakoti. Síðast var Sólheimakot skilið eftir galopið. Vatnsleysi hefur verið til vandræða en ný vatnsdæla gaf sig síðasta sumar. Fulltrúar HRFÍ funduðu með fulltrúum Mosfellsbæjar um miðjan apríl. Tilgangur fundarins var að ræða við forsvarsmenn HRFÍ um starfið að Sólheimakoti, áform félagsins í næstu framtíð og fleiri atriði að óskum aðila. Samþykkt var að HRFÍ skili til fulltrúa Mosfellsbæjar stuttri lýsingu á félaginu og félagsstarfinu, tilgangi og uppbyggingu, ásamt því að gera grein fyrir hugmyndum HRFÍ varðandi framtíðar afnot af Sólheimakoti. Einnig var ákveðið að fulltrúar HRFÍ verði í sambandi við umsjónarmann Eignarsjóðs Mosfellsbæjar varðandi það að fara með honum á vettvang til að skoða húseignir á Sólheimakoti, þar sem skoða þarf almennt ástand hússins að innan og utan, almennt ástand útihúsanna (refaskálunum), rotþróarmál, heitt og kalt vatn og ástand vegarins að Sólheimakoti. Skýrsla um þessa skoðun fylgi svo lýsingunni á félaginu og félagsstarfinu.

Tekið úr ársskýrslu maí 2012

Sólheimakot

Þorgeir Þorgeirsson umsjónarmaður Eignarsjóðs Mosfellsbæjar og Valgerður Júlíusdóttir skoðuðu húseignir á Sólheimakoti fimmtudaginn 8. september. Þorgeir skilaði skýrslu um ástandið á húseignum á Sólheimakoti og fulltrúi HRFÍ skilaði skýrslu um starfsemi HRFÍ. Samkvæmt skýrslu Þorgeirs áætla hann að kostnaður við að koma Sólheimakoti í þokkalegt stand sé um 3,0-3,5 milljónir króna.

Á fundi með fulltrúum Mosfellsbæjar þann 19. janúar kom fram að búið er að sækja um lóð undir gagnaver í landi Sólheimakots. Hugmyndin er að reisa gagnaverið á 10 hektara landsvæði í landi Sólheimakots sem er í eigu Mosfellsbæjar. Svæðið er talið vera mjög vel staðsett með tilliti til aðgengis að orkulínu Landsnets og talið hentugt fyrir þessa starfsemi. Formlega hefur verið óskað eftir samstarfi við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um uppbyggingu gagnavers í landi Mosfellsbæjar. Það er Gunnar Ármannsson sem sækir um lóðina fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags um verkefnið sem hefur verið í undirbúningi frá árinu 2008. Gert er ráð fyrir að verkefnið geti skapað 500-1000 ný störf. Bæjarráð hefur fagnað verkefninu og tekið jákvætt í það en það er aðeins á byrjunarstigi. Samningur við HRFÍ mun gilda áfram út þetta ár. HRFÍ mun ekki leggja út í mikinn kostnað í endurbætur á húsnæðinu. Farið verður yfir hvað þarf nauðsynlega að endurbæta og senda Mosfellsbæ nýja framkvæmdaráætlun. Enn berast kvartanir til skrifstofu vegna slæmrar umgengni í Sólheimakoti.

Tekið úr fundargerð fulltrúaráðsfundar 11. febrúar 2009

Pétur Alan og Ólafur E. Jóhannsson voru með lista yfir athugasemdir sem þeir eru óánægðir með hjá félaginu. Eftirfarandi athugasemd kom fram:

- Pétur kvartaði yfir umgengni í Sólheimakoti og vildi að stjórn HRFÍ léti skipuleggja hreinsunardag. Honum var bent á að þeir notuðu kotið mest sjálfir og því eðlilegt að þeir tækju sjálfir verkefnið að sér. Samþykkt var að Pétur og Ólafur skipuleggi hreinsunardag í Sólheimakoti í vor með deilarmeðlimum sínum.

Tekið úr fundargerð fulltrúaráðsfundar nr.3 – 5. maí 2010

Sólheimakot - umgengni og viðhald

Miklar kvartanir hafa borist til stjórnar og skrifstofu vegna hörmulegrar umgengni í Sólheimakoti. Kotið er alltaf óhreint og sóðalegt. Greinilegur leki er inn um strompinn og vatn lekur inn í eldhússkáp og niður eftir veggnum í stofunni þar sem arinninn er. Spurning hvort þær deildir sem eru mest í Sólheimakoti vilji taka að sér viðgerð og viðhald. Ef félagsmenn okkar geta ekki lagt hönd á plóginn varðandi Sólheimakot þá sér stjórn HRFÍ ekki möguleika á að leigja það áfram.

Ákveðið var á fulltrúaráðsfundinum að stofna Sólheimakotsnefnd sem heldur utan um þá félagsmenn sem gefa kost á sér í ofangreint verkefni. Deildir eiga að senda nöfn þeirra sem eru tilbúnir til að leggja félaginu lið varðandi viðhald og þrif í Sólheimakoti fyrir lok máí.

Í Sólheimkotsnefnd eru:

Ragnildur Gísladóttir, schnauzerdeild, raggagisla@heljuheims.is

Guðbjörg Guðmundsdóttir, retrieverdeild, gudgud@landspitali.is

Daníel Hinriksson, chihuahua-deild, danielorn@simnet.is

Jóna Karlotta Herbertsdóttir, papillon- og phalenedeild, fidrildi60@hotmail.com

Tekið úr fundargerð fulltrúaráðsfundar nr. 1 – 13. október 2010

Fréttir frá Sólheimakotsnefnd

Í Sólheimakotsnefnd eru Ragnildur Gísladóttir, Daníel Örn Hinriksson, Jóna Karólína Herbertsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Þau buðu sig öll fram í nefndina á síðasta fulltrúaráðsfundi. Ragnildur Gísladóttir mætti fyrir hönd Sólheimakotsnefndar en hún tilnefndi Rakel Rán Guðjónsdóttur til að segja frá ástandi Sólheimakots. Rakel Rán sagði að búið væri að skoða ástand Sólheimakots en greinilegur leki er við skorsteininn. Ekki er um skemmdir að ræða á eldhúsinnréttingu þar sem lekinn er bak við skápana. Gólfið er illa farið sérstaklega þar sem lekinn er. Ekkert varð úr lagfæringum í sumar þrátt fyrir gott veður. Rakel spurði hversu miklar lagfæringar ætti að fara út í. Sammála að komast fyrir lekann. Rakel og maðurinn hennar ætla að taka verkið að sér. Rakel sagði að frekari aðgerðir yrðu að bíða til næsta sumars. Með góðum fyrirvara væri hægt að finna dagsetningu þar sem félagsmönnum væri smalað saman til að mála og þrifa í Sólheimakoti. Málið verður því sett áfram í bið nema viðgerð á lekanum. Rakel sagði frá nýju lyklakerfi en nú eru aðeins 5 lykar til að Sólheimakoti og ekki hægt að búa til fleiri. Rakel sagði mikilvægt að félagsmenn skiluðu lyklum strax til skrifstofu eftir lán á húsnæði.

Rakel Rán sagði að það væri algjörlega óásættanlegt að félagsmenn væru að keyra heim til félagsmann sem skiluðu ekki lyklum á réttum tíma bæði af Sólheimakoti og af skrifstofu.

Úr fundargerð fulltrúaráðsfundar nr.2- 9. febrúar 2011

Sólheimakot – umgengni – vatnsleysi

Nýja vatnsdælan í Sólheimakoti gaf sig í sumar þannig að þar hefur enn verið vatnslaust. Stjórn HRFÍ hefur samþykkt að kaupa nýja dælu. Einnig þarf að lagfæra veginn.

Tekið úr fundargerð fulltrúaráðsfundar nr. 3– 4. maí 2011

Sólheimakot– fundur með fulltrúum Mosfellsbæjar

Fulltrúar HRFÍ funduðu með fulltrúum Mosfellsbæjar. Tilgangur fundarins var að ræða við forsvarsmenn HRFÍ um starfið að Sólheimakoti, áform félagsins í næstu framtíð og fleiri atriði að óskum aðila. Samþykkt voru eftirfarandi næstu skref:

HRFÍ ætlar að skila til fulltrúa Mosfellsbæjar stuttri lýsingu á félaginu og félagsstarfinu, tilgangi og uppbyggingu, ásamt því að gera grein fyrir hugmyndum HRFÍ varðandi framtíðarafnot af Sólheimakoti. Vera í sambandi við Þorgeir Þorgeirsson umsjónarmann Eignarsjóðs Mosfellsbæjar varðandi það að fara með honum á vettvang til að skoða húseignir á Sólheimakoti, en helstu atriði sem líta þarf á eru:

- almennt ástand hússins að innan og utan
- almennt ástand útihúsanna (refaskálunum)
- rotþróarmál
- heitt og kalt vatn og
- ástand vegarins að Sólheimakoti

Skýrsla um þessa skoðun fylgi svo lýsingunni á félaginu og félagsstarfinu.

Enn eru miklar kvartanir á umgengni í Sólheimakoti

Síðast var kvartað yfir mold og sandi á gólfum og opinni hurð þar sem brúsi hafði verður settur í dyragættina til að halda dyrunum opnum. Húsið hafði sem sagt verið skilið eftir galopið.

Tekið úr fundargerð fulltrúaráðsfundar nr. 1- 28. september 2011

Sólheimakot – Fulltrúi frá Mosfellsbæ og HRFÍ skoðuðu húseignir á Sólheimakoti

Þorgeir Þorgeirsson umsjónarmaður Eignarsjóðs Mosfellsbæjar og Valgerður Júlíusdóttir skoðuðu húseignir á Sólheimakoti fimmtudaginn 8. september. Vatnslaut var í Sólheimakoti en búið var að taka dæluna úr sambandi. Prófað var að setja dæluna af stað en mikill hávaði kom frá dælunni sem virðist vera ónýt. Hugsanlegt að hún hafi verið keyrð þurr. Veit ekki ástand brunnsinns. Þannig að húsið er óupphitað og ekkert vatn er á húsinu nema dælan sé sett í gang. Leki er við reyk háf hússins, lekinn kemur niður í eldhúsi við efri skápa og hefur skemmt parkel töluvert á afmörkuðu svæði. Parket þarfnast slípunar og lökkunar. Það þyrfti að mála nánast alla vegg, loft, hurðir og glugga. Að utanverðu þarf að mála allt: vegg, glugga, hurðir og þak. Hver einasti nagli er farinn að ryðga. Helst sést á málningu neðst á veggjum úti. Að utan er búið að brjóta spítu við inngang. Þá eru nokkrar rúður ónýtar sem þarf að skipta út. Refahús og geymsla við refahús: Húsið er opið á nokkrum stöðum þar sem þakplast hefur fokið eða brotnað. Þarna snjóar inn að vetri og mikið af fuglaskít út um allt. Eins eru allar rúður brotnar í endanum sem reiknað er með að vera upphitaður. Eins og þetta er núna er húsið óhæft til notkunar .

Þyrfti að byrja á að loka húsinu með báruplötum sem eru til á svæðinu (í geymslunni) sem minnkar hættu á frekari skemmdum og foktjöni. Plöturnar ættu að fara langt með að duga sem eru til. Áætlaður kostnaður við að koma Sólheimakoti í þökkalegt stand er um 3.0-3,5 milljónir.

Tekið úr fundargerð stjórnar nr.7 – 12. október 2011

Sólheimakot

Samstarf við Örnólf Guðmundsson, sjá samning og kynningu

Rætt um viðhald og kostnað. Tillaga að vera með hússjóð til að standa straum af viðhaldskostnaði. Mjög jákvætt, en þarf að setja rafmagnsmæli þar sem Örnólfur verður með verkstæði. Verðum að vera fyrst í sambandi við Mosfellsbæ.

Hugmynd: Þeir sem fá húsið lánað þurfa að greiða í hússjóð – kr. 2000 fyrir kvöldið, kr. 4000 fyrir heilan dag og kr. 6000 fyrir heila helgi.

Tekið úr fundargerð fulltrúaráðsfundar nr. 2 - 17. febrúar 2012

Sólheimakot:

Fundur 19. janúar með fulltrúum Mosfellsbæjar.

Vala segir frá fundinum:

Búið er að sækja um lóð undir gagnaver og óskað eftir samstarfi við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um uppbyggingu þess. Hugmyndin er að reisa gagnaverið á 10 hektara landsvæði í landi Sólheimakots.

Svæðið er talið vera mjög vel staðsett með tilliti til aðgengis að orkulínum Landsnets .

Svæðið er talið hentugt fyrir þessa starfsemi. Gunnar Ármannsson sækir um lóðina fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags um verkefnið sem hefur verið í undirbúningi frá árinu 2008.

Verkefnið getur skapað 500-1000 ný störf og hefur bæjarráð fagnað verkefninu og tekið jákvætt í það. Málið er aðeins á byrjunarstigi. Samningur við HRFÍ var ræddur og mun hann gilda áfram út þetta ár. HRFÍ mun ekki leggja út í mikinn kostnað í endurbætur á húsnæðinu. Farið verður yfir hvað þarf nauðsynlega að endurbæta og senda Mosfellsbæ nýja framkvæmdaráætlun. Félagið mun hafa afnot af kotinu út árið 2012. Leggur ekki út í mikinn kostnað varðandi endurbætur.

Upplýsingar frá Örnólfi Guðmundssyni:

Örnólfur kom dælu aftur í gang sl. mánudag en hún hafði upphaflega verið ranglega uppsett. Hann þurfti að kaupa efni til að lagfæra dæluna og koma henni af stað fyrir kr. 12.826 + 2.888 í fyrra. Til að dælan gangi þarf að hafa rennandi vatn niður í holuna. Það er alltaf einhver sem skrifar fyrir þennan krana og þá hættir dælan að vinna. Það tók hann óratíma til að fá hana í gang núna (17.09. 2012). Hann segir að umgengnin á meðan hann sá um húsið hafi verið til háborinnar skammar. Einu sinni þegar hann lét við þá var hundskítur í herbergjum og illa gengið um allt húsið. Í dag virðist ruslið ekki hafa verið losað og því er það út um allt. Hringt var í Íslenska Gámafélagið og kvartað (17.09.2012). Þeir ætluðu að fara upp eftir og losa ruslið. Örnólfur segir að húsnæðið sé illa nýtt af félagsmönnum.

Fastir kostnaðarliðir vegna Sólheimakots:

Ár	Fasteignagjöld	Tryggingar	Losun/leiga sorptunnu	Viðhald/viðgerðir	Rafmagn	Samtals á ári	Samtals á mán.
2009		58.055	65.278	7.708	209.617	340.658	28.388
2010		91.260	62.524	23.818	264.387	441.989	36.832
2011		82.508	61.178		273.589	417.275	34.773
2012	164.999	81.325	67.968	15.714	235.000	565.006	47.084

Samtals 2009-2012

1.764.928

Samþykkt að leita til Fuglahunda-, Vorsteh-, Írsk Setter- og Retrieverdeilar varðandi Sólheimakot. Boða formenn þessara deilda á fund til að ræða framtíðarlaus Sólheimakots föstudaginn 21. september kl.12:00. Valgerður hringir í formenn þessara deilda og boðar þá á fundinn.

7. Tvær fyrirspurnir frá Ólafi E. Jóhannssyni, stjórnarmanni HRFÍ, til formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ. Lagðar fram á stjórnarfundi 29. ágúst.

A. Óskað er eftir upplýsingum um „Hundaskóla HRFÍ“.

1. Hver hefur aðsókn að Hundaskóla HRFÍ verið sl. 3 ár?
2. Hverjar hafa tekjur og gjöld verið af þessari starfsemi á sl. 3 árum?
3. Hver er fjárhagsleg afkoma Hundaskóla HRFÍ sl. 3 ár?

Svar við spurningu 1., 2. og 3.:

Ár	Fjöldi hunda	Tekjur	Gjöld til kennara	Hagnaður HRFÍ án vsk
2009	175	3.435.796	2.061.477	1.374.319
2010	182	3.584.041	2.150.424	1.433.617
2011	112	2.320.304	1.392.182	928.122
Samtals	469	9.340.141	5.604.083	3.736.058

4. Hverjir hafa annast um kennslu við skólann og hvernig hafa kennarar verið valdir til starfa?

Eftirtaldir hafa annast kennslu við skólann:

Sigríður Bílddal kennir á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeiðum sem fara fram í Keflavík. Valgerður Júlíusdóttir kennir á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeiðum.

Nokkrir nemar hafa lokið verklegum þætti en eiga eftir að taka verklegt próf. Kennarar hafa ekki verið valdir sérstaklega til starfa. Þeir kennarar sem hafa réttindi og hafa áhuga á að kennda fyrir félagið hafa verið velkomnir.

5. Hafa kennarar við skólann fengið greitt fyrir vinnu sína og ef svo er, með hvaða hætti hafa þær greiðslur verið, þ.e. eru viðkomandi kennarar launþegar eða verktakar?

Allir kennarar sem hafa starfað við skólann frá upphafi hafa fengið greitt fyrir námskeiðin og hluti greiðslu þeirra rennur til félagsins þ.e. 60% til kennara og 40% til félagsins. Viðkomandi kennarar eru allir verktakar.

Skriflegra svara við þessum spurningum er óskað sem fyrst og ekki síðar en á næsta áætlaða stjórnarfundi, þann 19. september 2012.

Virðingarfyllst,
Ólafur E. Jóhannsson
stjórnarmaður í HRFÍ

B. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi tölvukerfi og heimasíðu HRFÍ.

1. Hver er staða vinnu við tölvukerfi og heimasíðu HRFÍ?

Nýtt tölvukerfi HRFÍ, samanstendur af 6 kerfishlutum sem er lýst þannig:

1. *Skráning og utanumhald um félagsmenn og félög félagsmanna HRFÍ í kringum eignarhald á hundum.*
2. *Skráning hunda og gota og verkferla tengdum útgáfu ættbóka.*
3. *Skráning deilda og félaga HRFÍ og utanumhald um félagsaðild félaga í HRFÍ.*
4. *Skráning atburða (Námskeiða, Sýninga og prófa), utanumhald um þáttöku bæði einstaklinga og hunda.*
5. *Félagsmannavefur þar sem félagsmenn geta sjálfir afgreitt sig með kaup á vörum og þjónustu frá HRFÍ, byggt að félagsaðild þeirra, tengslum við hunda (eignarhald, ræktun o.þ.h.) og gjaldskrár fyrir atburði. Tengist vef kreditkortafyrirtækis og beinni tengingu við bókhald.*
6. *Nýtt bókhald í vef fyrir HRFÍ, sem tryggir sjálfvirka færslu tekjuhluta bókhaldsins og beint aðgengi félagsmanna að kvittunum fyrir keypta þjónustu.*

Kerfishlutum 1, 2 og 3 í kerfinu er lokið og var prófun lokið á þeim í júní 2012. Jafnframt var kerfishluti 6, (nýtt bókhald) gangsettur að hluta í upphafi 2011 (Tekjuhluti) og seinni hluti í apríl 2012 (Gjaldahluti). Hlutar 4 og 5 hafa verið uppsettir að hluta en enn eru eftir prófanir og aðlaganir að breytingum sem gerðar voru á grunnkerfum á vorinu 2012. Miða má við að eftir séu amk 100 klst í forritun og prófunum áður en hægt er að gangsetja verkhluta 4 og 5. Jafnframt er eftir að ganga frá beinum tengslum 5 hluta kerfisins við bókhald og greiðslukerfi kreditkortafyrirtækja.

2. Hvenær var samningur gerður um verkefnið og við hvern?

Árin 2007 og 2008, fór stjórn HRFÍ af stað með könnun á því hvernig HRFÍ gæti þróað frekar þjónustu sína og svarað kröfum félagsmanna og deilda um bætt aðgengi að þjónustu félagsins. Ákveðið var að fara af stað með forritun nýs tölvukerfis fyrir HRFÍ með það að markmiði að auka sjálfagreiðslu félagsmanna í kerfinu, styðja betur við ræktunardeildir með upplýsingum um hunda og minnka mannaflapörf skrifstofu í tengslum við sýningarhald.

Ekki reyndist auðvelt að fá sérfræðiaðstoð vegna forritunar eða verkefnisstjórnar fyrir tölvukerfið á þessum tíma en að lokum fékkst Þorsteinn Þorbergsson félagsmaður í HRFÍ til margra ára til að aðstoða stjórn HRFÍ við að koma verkefninu af stað. Hann fór í það með starfsmönnum HRFÍ á þeim tíma að greina þarfir og setja verkefnið upp í samræmi við þarfir félagsins. Vinna Steina hefur verið unninn í sjálfboðavinnu félaginu að kostnaðarlausu. Eftir langa leit fannst forritari sem var tilbúinn að taka að sér forritun kerfisins vorið 2009, hann heitir Axel Valdemar Gunnlaugsson, maður sem er með áratuga reynslu af forritun. Okkur stóð til boða að fá forritunarvinnu sem byggði á vinnu hans fyrir önnur félagasamtök og reynslu hans af flókinni gagnagrunnsvinnu og vefforritun. Ekki hefur verið gerður við hann skriflegur samningur en leitað var umsagnar um hans störf hjá öðrum félagasamtökum sem nýtt hafa sér hans vinnu við góðan orðstýr. Forritun fór af stað undir sumar 2009 og hefur verið unnin í samræmi við fjárhag HRFÍ sem því miður hefur versnað á framkvæmdatímanum.

3. Hver eru umsamin verklok skv. þeim samningi?

Ekki hefur verið samið um verklok þar sem verkið er unnið á þeim nótum að HRFÍ hafi laust fé til að fjárfesta í áframhaldandi vinnu. Miðað hefur verið við að gangsetja verkhluta 1, 2 og 3 fyrir skrifstofuna á þessu hausti. Til þess þarf að yfirfæra gagnagrunna núverandi kerfis yfir í nýja kerfið, en ljóst er að með núverandi mönnun skrifstofu HRFÍ verður það erfitt þar sem að töluverð vinna liggur í handvirkri aðlögun gagna félagsins inn í nýja kerfið. Gert er ráð fyrir því að keyra á þeim verkhlutum í 2-3 mánuði áður en verkhlutar 4 og 5 verða gangsettir. Fyrsta sýning sem félagsmenn geta vænst þess að afgreiða sig sjálfir gæti því verið fyrsta sýning ársins 2013.

4. Hver er fjáræð sammingsins og hvaða greiðslur hafa farið fram á grundvelli hans?

Við lok síðasta árs var upphæðin kr. 2.820.000.

5. Um langa hríð hefur ekki verið unnt að greiða skráningargjald vegna sýninga og prófa í gegnum netið. Hver er skýringin á því að það er ekki hægt?

Reglur Kreditkortafyrirtækja leyfa ekki innslátt kreditkortanúmera í óvarðar Internet síður eins og gert var hjá HRFÍ áður, því var því hætt að kröfu kortafyrirtækjanna. Þó undanlegt megir virðarst varð töluverður vinnusparnaður af því að taka ekki við skráningum á eyðublöðum á internetinun en skrá bara á skrifstofu og í gegnum síma. Skráð er þá beint inn í núverandi tölvukerfi HRFÍ beint á meðan símtal stendur yfir í stað þess að tvívinna skráningar í vefsíðu sem síðan var prentuð út og handslegið inn í kerfi HRFÍ og Posa á eftir. Jafnframt er gengið frá greiðslu beint, öryggisnúmer fengin hjá viðkomandi og flýttir það mikið fyrir afgreiðslu.

Skriflegra svara við þessum spurningum er óskað sem fyrst og ekki síðar en á næsta áætlaða stjórnarfundi, þann 19. september 2012.

Virðingarfyllst,
Ólafur E. Jóhannsson
stjórnarmaður í HRFÍ

8. **Athugasemdir frá formanni Smáhundadeildar varðandi bókun í fundargerð 29. ágúst**
Stjórn þykir miður að ónákvæmni hafi gætt í síðustu fundargerð varðandi þessa bókun og leitast við að það gerist ekki aftur.

9. Fulltrúaráðsfundur

Stefna að hafa fundinn eftir stjórnarfundinn 17. október kl.19:30 ef allir aðilar geta mætt.

Dagskárefni m.a.:

- Erindi frá Guðríði Magnúsdóttur lagt fram á aðalflundi HRFÍ varðandi fjölgun augnskoðana

- Árný Sigurðardóttir frá Reykjavíkurborg

Björn Ólafsson ætlar að hafa samband við Árnýju Sigurðardóttir hjá Reykjavíkurborg. Að fá hana til að ræða um fjölda skráðra hunda, stöðu á kærnum ofl. fá tölulegar staðreyndir til að skoða. Ræða m.a. um lausagöngu hunda – bit – katta- og smáhundadráp. Hvað er til ráða

- Gæludýravegabréf - bjóða Magnúsi Orra, Ólínu og Helga hafa áhuga á að kynna málið og heyra í félagsmönnum HRFÍ. Valgerður kannar

10. Reglur um heiðrun félagsmanna/velunnara félagsins. Hafa t.d. til hliðsjónar reglur SKK Valgerður dreifði reglum SKK til stjórnarmanna sem tekið verður fyrir næsta fundi.

11. PRA – Sérreglur

- Papillon- og phalenedeild
- Chihuahuadeild

Bæði erindin samþykkt

12. Erindi frá Spítzhundadeild

Beiðni um undanþágu frá Grundvallarreglum HRFÍ. Beiðni um að lágmarksaldur við þörun á pomeranian tíkum á Íslandi verði 18 mánaða.

Samþykkt

13. Önnur mál

- Uppskeru og þrettándagleði laugardaginn 5. janúar ef húsið er laust.
- Erindi frá Deliu Howser til Jónu Th. Viðarsdóttur og Valgerðar Júlíusdóttur

Utanlandsferðir á vegum HRFÍ – fundir og ráðstefnur:

1. Hver ákveður hvaða fulltrúar fara á fundi og ráðstefnur erlendis?
2. Hvað ræður fjölda þátttakenda? Er þörf á að fleiri en einn fari?
3. Er þörf á að vera á staðnum – væri hægt að láta nægja fundargerðir? Hverju skilar viðvera okkar á fundum umfram það að fá upplýsingar í formi fundargerða?
4. Hefur verið kannað hvort að við fengjum heimild til að bera upp erindi á fundi bréflega svo hægt væri að spara ferðakostnað?
5. Hver var kostnaður vegna utanlandsferða síðustu 3 árin og það sem af er þessu ári, hverjir fóru, hvert fóru þeir og í hvaða tilgangi?
6. Hvaða árangri skiluðu þessi ferðalög og hvernig gerðu þessir aðilar grein fyrir honum?
7. Hafi viðkomandi fulltrúar HRFÍ gert grein fyrir árangri af ferðum sínum skv. 6.lið þessarar fyrirspurnar, hvar hafa þær upplýsingar verið kynntar eða birtar?

Utanlandsferðir á vegum HRFÍ – keppnir:

1. Hver ákveður fjölda þátttakenda og fjölda fylgdarmanna?
 2. Hversu margar ferðir eru þetta á ári?
 3. Hver hefur kostnaðurinn af þessum ferðalögum verið sl. 3 ár og það sem af er þessu ári?
-
1. Óska eftir 6 mánaða bráðabirgðauppgjöri fyrir rekstur á skrifstofu. Inni í því uppgjöri skal jafnfram vera launakostnaður. Einnig óska ég eftir stöðu á útistandandi skuldum félagsins.
 2. Óska eftir starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra HRFÍ.
 3. Óska eftir starfslýsingu fyrir starfsmenn skrifstofu HRFÍ.

Fundi slitið

Sign:

Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur Jóhannsson